

Landsamtökin Þroskahjálp þakka fyrir að hafa fengið til umsagnar frumvarp til laga um breytingar á lögum um félagslega aðstoð (bifreiðastyrkir hreyfihamlaðra) 36. mál.

Þroskahjálp mælir með samþykkt frumvarpsins.

Samtökin vilja jafnframt benda á að það ákvæði reglugerðar nr. 170/2009 um að skilyrði styrks eða uppbóta vegna bifreiðamála sé að viðkomandi sjálfur eða annar heimilismaður hafi ökuréttindi, á sér ekki stoð í lögum. Landssamtökin Þroskahjálp telja því ástæðu til að festa í lög, eða að þess sé getið í öðrum lögskýringagögnum, ákvæði um að fötlun einstaklingsins og möguleikar hans til að komast ferða sinn séu einu atriðin sem taka eigi til athugunar við ákvörðun um styrk eða uppbót vegna bifreiðamála.

Ekki síst er þörf á slíku ákvæði nú þegar líklegt er að í ríkari mæli muni fatlað fólk hafa sína persónulegu aðstoðarmenn sem hafa það hlutverk m.a. að aðstoða einstaklinginn við að komast leiðar sinnar. Þeir aðstoðarmenn munu að sjálfsögðu ekki eiga heimilisfestu hjá bíleiganda.

Virðingarfyllt

f.h. Landssamtakanna Þroskahjálpar

Gerður A. Árnadóttir formaður

Friðrik Sigurðsson, framkvæmdastjóri